

Ársskýrsla 2014



Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Tíðarfar og vöxtur	4
Námskeið og kynning.....	5
Samningar	6
Grisjun	6
Stjórn og starfsmenn	6
Árangurs- og gæðamat	7
Plöntukaup	12
Fjármál	12
Rannsóknastarf Norðurlandsskóga	13
Framkvæmdir ársins	16
Vestur – Húnavatnssýsla.....	17
Austur – Húnavatnssýsla	18
Skagafjarðarsýsla	19
Eyjafjarðarsýsla.....	21
Suður – Þingeyjarsýsla	22
Norður – Þingeyjarsýsla.....	23
Lykiltölur	24
Ársreikningur 2014	25
Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga 2014	28

SAMANTEKT

Gróðursetning hófst á hefðbundnum tíma í vor, en byrjað var að keyra plöntur á dreifingastöðvar um 20. maí. Framkvæmdir gengu vel, þó var skortur á verktökum sem tilbúnir voru að taka að sér gróðursetningu fyrir bændur. Undanfarin ár hefur sú þróun orðið að fleiri bændur vilja ráða til sín verktaka til að sjá um gróðursetningar. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, margir bændur stunda aðra vinnu samhliða búskap og hafa því takmarkaðan tíma, aðrir eru með það stór bú að þeir komast ekki yfir það að gróðursetja, ásamt hefðbundnum bústörfum. Svo er einnig kunn sú staðreynd að bændur landsins eru að eldast og margir óska aðstoðar við gróðursetningu af þeim sökum. Áhyggjuefni er hversu fáir aðilar vilja gefa sig út í verktakavinnu við skógrækt, bæði gróðursetningar og grisjun, en þörfin fyrir slíka verktakastarfsemi kemur bara til með að aukast á næstu árum, verði þróunin með líkum hætti og undanfarin ár.



Státin skógarfura

TÍÐARFAR OG VÖXTUR

Sumarið var óvenjuhlýtt, sérstaklega á landinu norðaustanverðu þar sem það var sums staðar það hlýjasta frá upphafi mælinga.

Þrátt fyrir hlýindin þótti tíðarfar nokkuð blendið. Fyrstu mánuðir ársins voru sérlega úrkomusamir um landið austan- og norðaustanvert og var tíð þar þá erfið á köflum.

Tíðarfar í maí var hagstætt á landinu og vorgróður tók vel við sér.

Júnímánuður var sérlega hlýr á landinu, einhver sá hlýjasti sem komið hefur síðan mælingar hófust.

Á Akureyri mældist meðalhitinn 5,3 stig, 2,1 stigi yfir meðallagi árána 1961 til 1990 og 1,0 stigi ofan meðallags síðustu tíu ára. Þetta er einnig næsthlýjast ára á Akureyri frá upphafi samfelldra mælinga 1881, hlýrra var 1933.

Hæsti hiti ársins mældist 23,3 stig á Húsavík þann 23. júlí. Hámarkshiti ársins á landinu öllu hefur ekki verið jafnlágur síðan 2001.


Lægsti hiti ársins mældist -28,9 stig í Svartárkoti þann 19. febrúar.

Úrkomman var sérlega mikil norðaustan- og austanlands, á Akureyri mældist hún 743,7 mm, eða 50 prósent umfram meðallag. Árið er það úrkomumesta þar frá upphafi mælinga, 1928 (úrkomman var þó aðeins fáum mm minni árið 1989).

Á Akureyri var snjóþungt veturinn 2013 til 2014. Alhvítir dagar voru 139 og er það 21 degi fleiri en að meðaltali 1971 til 1990. Desember 2014 var einnig snjóþungur. Alls voru alhvítu dagarnir á árinu 2014 133 og er það 16 dögum yfir meðallagi.

Á Akureyri mældust sólskinsstundirnar 944,9 og hafa ekki verið jafnfáar síðan 2002. (*heimild: vedur.is*)

Tíðarfar ársins var í heildina hagstætt trjágróðri, og vöxtur vel yfir meðallagi. Þó komu í ljós nokkrar skemmdir á sígrænum trjám í vor á norð-vesturlandi, sem má að líkindum rekja til þess að vindasamt hefur verið þegar jörð var frosin og barr trjáanna því sviðnað þar sem snjórinn var ekki til að skýla. Ekki bar á slíkum skemmdum á norð-austurlandi.



Línuritíð sýnir meðalhita í maí, júní og júlí, á Akureyri síðustu 65 ár.

NÁMSKEIÐ OG KYNNING

Vorfundur með skógarbændum voru haldnir í öllum sýslum starfssvæðisins í vor, líkt og undanfarin ár. Skapast hefur sú hefð að taka fyrir eitt ákveðið efni á þessum fundum. Í ár var fjallað um þéttleika gróðursetninga og afföll. Á fundunum gefst skógarbændum einnig tækifæri til þess að ræða framkvæmdir sumarsins og hvað eina annað sem á þeim brennur, við starfsmenn Norðurlandsskóga og kollega sína.

Engin námskeiðaröð Grænni skóga er í gangi á Norðurlandi um þessar mundir, þó er stefnt að því að bjóða upp á slík námskeið þegar þátttaka verður nægjanleg.

Norðurlandsskógar tóku þátt í að halda Skógardag Norðurlands þann 5. júlí. Dagurinn var haldinn í samvinnu allra stærstu aðila sem koma að skógrækt á Norðurlandi sem eru Norðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Eyfirðinga, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Sólskógar og Skógfræðingafélag Íslands. Skógardagurinn er hugsaður til að fræða og skemmta öllum sem gaman hafa af skógum og skógrækt. Til skemmtunar var skógarhöggssýning og sýning á tækjum til vinnslu á skógarafurðum. Þá var sýningin „Frá fræi til fullunnar vöru“ þar sem var sagt frá hvernig helstu trjátegundir í íslenskri skógrækt verða til og í hvað hægt er að nota timbrið. Einnig var leiksýning og ratleikur fyrir yngri kynslóðina. Að sjálfsögðu var svo boðið upp á ketilkaffi, lummur, pinnabrauð og popp.

Veðurguðirnir voru okkur ekki alveg nægilega hliðhollir þennan dag, en rigning og suddi kom ekki í veg fyrir að þónokkur fjöldi gesta lagði leið sína á þennan fyrsta Skógardag Norðurlands.



SAMNINGAR

5 nýir skógræktarsamningar voru gerðir á árinu og tvö eldri samningssvæði stækkuð. Samningar um plöntuframleiðslu voru framlengdir við Sólskóga á grundvelli útboðs.

GRISJUN

Alls voru grisjaðir 13 hektarar á árinu, mest af rússalerki sem gróðursett var á árunum 1990-1995.

Jörð	Hektarar
Ásláksstaðir ehf	2,6
Glæsibær	3,9
Hvammur	0,4
Reykhús	2,1
Silfrastaðir	0,7
Víðifell	1,2
Þverá	1,8
Alls	12,6

STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn Norðurlandsskóga skipa Jón Gíslason, Hofi í Vatnsdal, formaður, Anna Ragnarsdóttir, Krithóli í Skagafirði, fulltrúi félags skógarbænda og Guðríður Baldvinsdóttir, Lóni í Kelduhverfi, fulltrúi Skógræktar ríkisins.

Eins og undanfarin ár er Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri og svæðisstjóri í Eyjafirði, Bergsveinn Þórsson er svæðisstjóri í Skagafirði og Húnavatnssýslum og Rakel J. Jónsdóttir er svæðisstjóri í N.- og S Þingeyjarsýslu. Dreifingastöðvar voru eins og undanfarin ár, í Kjarna, Vöglum, Sandfellshaga, Krithóli og á Miðhópi.



ÁRANGURS- OG GÆÐAMAT

Frá upphafi hafa starfsmenn Norðurlandsskóga, tekið út gróðursetningar skógarbænda og kannað hvort plöntur séu gróðursettar á réttan hátt og einnig hefur verið fylgst með þéttleika gróðursetninga.

Frá árinu 2007 hafa, árlega verið gerðar mælingar í föstum mæliflötum á gróðursetningum á starfssvæði Norðurlandsskóga. Tilgangurinn er fyrst og fremst að fylgjast með afföllum, greina ástæður þeirra og leita leiða til úrbóta.

Í kjölfar þess að væntanleg er reglugerð umhverfis- og auðlindaráðherra um landshlutaverkefnin í skógrækt, þar sem m.a. er kveðið á um að verkefnin skuli með samræmdum hætti gera gæðaúttekt og árangursmat á gróðursetningum, hafa landshlutaverkefnin sett upp samræmt gæðamatskerfi, sem unnið var eftir í fyrsta sinn í sumar.

Gæðaúttektin er framkvæmd sama sumar/haust og er gróðursett og hefur fyrst og fremst þann tilgang að kanna vinnubrögð skógarbænda við gróðursetningu. Árangursmatið er sambærilegt því kerfi sem Norðurlandsskógar hafa notað frá árinu 2007.

Gæðamat.


Í drögum að reglugerð um Landshlutaverkefnin segir:

Landshlutaverkefnin skulu ár hvert meta gróðursetningar að framkvæmdum loknum samkvæmt samræmdu gæðaeftirlitskerfi landshlutaverkefnanna. Við gæðaúttekt skal mat lagt á hvort staðið hafi verið með fullnægjandi hætti að framkvæmdum með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett voru fram í ræktunaráætlun.

Tilgangur gæðaúttektar er fyrst og fremst að tryggja eins og hægt er vandaða gróðursetningu og minnka með því afföll og hámarka vöxt. Einnig er mældur þéttleiki gróðursetninga til þess að fylgjast með því að skógurinn vaxi upp í þeim þéttleika sem heppilegastur er. Úttektin fer fram sama sumar/haust og það er gróðursett, áhersla er lögð á að skógarbóndi/framkvæmdaaðili sé ávalt viðstaddur úttektina til þess að unnt sé að leiðrétta eftir þörfum. Markmiðið er að skoða a.m.k. 3 mælifleti á hverri jörð, þar sem gróðursettar eru 2.000 plöntur eða meira (fleiri fleti eftir umfangi gróðursetninga). Mælifletir eru valdir á staðnum og skráð gps hnit. Ekki er reiknað með að skoða þessa punkta aftur markvisst. Á eyðublað eru skráðar grunnupplýsingar um reit, s.s. tegund gróðurhverfi o.s.frv. Fjöldi plantna í mælifleti er talin og þannig hægt að reikna út fjölda gróðursettra plantna á hektara. Allar plöntur í mælifletinum eru skoðaðar og skráður fjöldi þeirra plantna sem er rangt gróðursettur. Athugað er hvort plöntur eru dauðar, lausar, of grunnt gróðursettar, skakkar eða hafi fengið of mikla áburðargjöf.

Með svona úttekt er hægt að safna saman upplýsingum um framkvæmdir á einstaka jörðum. Hægt er að leiðrétta strax röng vinnubrögð og fylgja eftir leiðbeiningum á milli ára, ef úrbætur eru ekki gerðar er hægt að nýta úttektina til að draga úr eða seinka greiðslum vegna framkvæmda.

Starfsmenn Norðurlandsskóga skoðuðu 179 mælifleti í gróðursetningum sumarsins. Að meðaltali voru 11% plantna rangt gróðursett. Meðal þéttleiki gróðursetninga var 2900 pl/ha sem er mjög ásættanlegt en mesti þéttleiki í mælifleti voru 6600 pl/ha. Alls voru 20% mæliflata með yfir 3500 pl/ha og 12 % með þéttleika undir 2000 pl/ha.



Ljóst er að úrbóta er þörf, það er óásættanlegt að svo hátt hlutfall plantna sé ekki gróðursett á réttan hátt. Einnig er óásættanlegt að svo miklu skeiki með þéttleika gróðursetninga miðað við það sem áætlað er í ræktunaráætlun. Of gisinn skógur gefur af sér slakari timburafurðir og of þéttum gróðursetningum fylgir mikill aukakostnaður, bæði í formi plantna og kostnaðar við grisjun.

Þéttleiki gróðursetninga

Fjöldi mæliflata	Þéttleiki á ha.
9 (179 – 5%)	Undir 1.500
18 (179 – 10%)	Undir 2.000
57 (179 – 32%)	Undir 2.500
21 (179 – 12%)	Yfir 4.000
36 (179 – 20%)	Yfir 3.500

Árangursmat.


Í drögum að reglugerð um Landshlutaverkefni segir:

Landshlutaverkefni skulu framkvæma árangursmat þar sem metin eru afföll á gróðursetningum. Úttektin skal framkvæmd skv. aðferðarfræði sem samþykkt er af Skógrækt ríkisins.

Norðurlandsskógar hafa, eins og áður sagði unnið eftir þessu úttektarkerfi, frá árinu 2007, en þá vann Bergsveinn Þórsson, svæðisstjóri Norðurlandsskóga slíka úttekt á starfssvæðinu sem lið í lokaverkefni sínu í skógræði við Landbúnaðarháskóla á Íslands.


Kerfið er sambærilegt því sem Arnór Snorrason og félagar á Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá nota í Íslenskrí skógarúttekt og hefur Arnór aðstoðað við að aðlaga það að þörfum Norðurlandsskóga.

Til að finna út lifun trjáplantna á starfssvæði Norðurlandsskóga er lagt út mælinet með fyrirfram ákveðinni möskvastærð yfir Norðurland (fyrstu tvö árin 500x500 metrar síðan 250x250 metrar í Arc gagnagrunni). Þar sem línur í netinu skerast og undir er skráð gróðursetning frá Norðurlandsskógum verður til punktur með hniti og nafni. Hnitin eru sett í GPS tæki og punkturinn fundinn með því úti í mörkinni. Þar er gerð talning á plöntum sem fer þannig fram að allar lifandi plöntur í 100m² hringfleti eru taldar. Einnig eru allar dauðar plöntur taldar og út frá afstöðu lifandi og dauðra plantna er metið hvort einhverjar plöntur eru dauðar og horfnar. Út frá þessum talningum er svo reiknaður út upphafspéttleiki gróðursetninganna og núverandi péttleiki og afföllin reiknuð út frá því. Í hverjum mælifleti eru skráðar upplýsingar eins og trjátegund, landgerð, halli, hallaátt, jarðvinnsla, gróðursetningartími o.fl. Úttektir er búið að gera árlega síðan árið 2007. Fyrsta árið voru skoðaðar gróðursetningar frá árinu 2000 til 2006. Síðan hafa gróðursetningar ársins á undan verið skoðaðar hvert ár og síðustu fjögur ár hafa verið skoðaðar 5 ára gamlar gróðursetningar auk þess sem nokkrir punktar hafa verið settir utan við gróðursetningaþekju, svo kallaðir buff punktar.




Samantekt niðurstaðna

Niðurstöður þessara úttekta eru bæði góðar og slæmar. Meðal þéttleiki gróðursetninga er góður eða 2.700 pl/ha en breytileikinn er mikill. Of margir gróðursetja of þétt og of margir of gisið. Lifun eftir eitt ár er 83% sem er ásættanlegt en afföllin halda áfram og eftir 5 ár er lifunin er komin niður í 67% sem er ekki gott og þéttleikinn er komin niður í 1.700 pl/ha sem er afleitt. Skógur með svo fáum trjám verður ekki grisjaður fyrr en um 30 ára aldur og þá er hætt við að trén verði kræklótt og stórgreinótt. Það er ekki sjálfgefið að lítil skógarplanta verði að tré og margt sem getur haft áhrif á lífslíkur hennar. Sumir þættir sem hafa áhrif á lifun eru óviðráðanlegir t.d. óvæntar öfgar í veðurfari og nýjar skordýraplágur. En við getum haft stjórn á flestum þáttum lifunar og þar ræður mest að vanda til allra vinnubragða. T.d. að fara eftir ræktunaráætlun varðandi tegundir og plöntufjölda, gróðursetja hverja plöntu vandlega og gróðursetja á réttum tíma. Út úr gögnunum má sjá að eftir 5 ár er lifun eftir gróðurhverfum misjöfn. Best er hún í mólendinu þar sem hún er 74%. Langmest er gróðursett í mólendi sem er ágætt enda er þetta eina landgerðin sem hægt er að segja að við höfum náð þökkaleg tókum á að rækta skóg í. Ef litið er á lifun hjá trjátegundum eftir 5 ár sést að lerki, birki og ösp eru með lifun rétt yfir 70 %. Furan er svo með lélegri lifun eða um 60% en grenið sker sig úr með lélega lifun sem er rétt um 45%.



Mynd 3. Lifun eftir gróðurhverfum. Tölur í súlum sýna fjölda mæliflata.



Mynd 4. Lifun eftir tegundum. Hér sker grenið sig úr með slaka lifun eftir 5 ár.




PLÖNTUKAUP

Allar plöntur voru keyptar af Sólskógum ehf. í samræmi við útboð.

FJÁRMÁL

Fjárveiting ársins var 88,6 mkr. eða krónutöluhækkun um 1,7 mkr. frá árinu áður. Sú hækkun nægði þó ekki til að vega upp á móti verðlagshækkunum, þannig að ráðstöfunarfé verkefnisins minnkaði um tæpar 2 mkr.

Fjárframlög til Norðurlandsskóga hafa verið skert árlega allt frá árinu 2005, fjárveitingar hafa á þessu tímabili aldrei náð að halda í við verðlag, en stærstu útgjaldaliðir verkefnisins eins og plöntukaup og laun hækka að sjálfsögðu í samræmi við vísitölu og kjarasamninga. Með hverju árinu sem líður og þessi þróun heldur áfram verður erfiðara að reka verkefnið samkvæmt því sem lög kveða á um.



RANNSÓKNASTARF NORÐURLANDSSKÓGA

Vorið 2014 var gerður samningur milli Landshlutaverkefnanna í skógrækt og Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá um samstarf við rannsóknir. Þannig geta landshlutaverkefni nú með aðstoð sérfræðinga á Mógilsá komið hinum ýmsu rannsóknum á koppinn sem hagnýtar eru fyrir skógrækt.

Fyrsta tilraunin sem sett var út innan vébanda þessa samstarfs var tilraun sem framkvæmd var á Mógilsá og Halldór Sverrisson hafði yfirumsjón með. Markmið tilraunarinnar var að kanna hver væru áhrif tveggja sveppalyfja á rússalerkiplöntur sem voru sýktar af lerkibarrfelli. Niðurstöður bentu til þess árangursríkara væri að nota sveppalyfið Rovral fremur en Topsin.




Frá lerkibarrfellitilrauninni. Mynd Halldór Sverrisson.


Stór tilraun með stafafurukvæmum var einnig sett út á vegum samstarfsins vorið 2014. Þar á t.d. að prófa stafafurukvæmi sem hafa verið kynbætt í Norður Svíþjóð og staðið sig vel þar. Einnig rötuðu nokkur kvæmi af skógarfuru inn í þessa tilraun. Tilraunin var sett út á þremur stöðum á Norðurlandi. Norðurlandsskógar settu niður tilraunir á Stóru Hámundarstöðum við Dalvík og Grund í Vestur Húnavatnssýslu og Skógrækt ríkisins setti niður eina á Belgsá í Fnjóskadal. Tilraunin var sett niður á 11 stöðum alls í öllum landshlutum. Um er að ræða langtímaverkefni og hefur Brynjar Skúlason hjá Skógrækt ríkisins, yfirumsjón með því.

Jarðvinnslutilraunin í Saurbæ í Vatnsdal var mæld í síðasta sinn í sumar og Bergsveinn hefur nú gert þá tilraun upp og kynnt niðurstöður á fagraðstefnu skógræktar í Borgarnesi. Helstu niðurstöður voru að í grasgefnu, frjósömu landi borgar sig að jarðvinna og/eða úða grasið með glyfosfati haustið áður en gróðursett er. Einnig kom í ljós að það að bæla gras frá plöntum síðsumars kom að gagni. Þrjár tegundir voru gróðursettar í tilraunina, alaskaösp, sitkabastarður og birki. Alaskaöspin og birki lifði best og öspin

Óx mest á því sex ára tímabili sem tilraunin stóð. Sitkabastarður hafði lélega lifun og óx lítið. Ef gróðursett var í landið án þess að gera nokkurn skapaðan hlut áður, var það ávísun á mun meiri afföll.



Lifun eftir tegundum eftir 6 ár.



Vöxtur alaskaaspar í cm. eftir meðferðum

Meðferðir og tímasetningar aðgerða						
Meðferð nr.	2008 24.júl	2009 6.jún	2009 9.jún	2009 6.ágú	2010 6.ágú	2011 15.sep
1			Gróðursett			
2	eitrað		Gróðursett			
3		TTS	Gróðursett			
4	eitrað	TTS	Gróðursett			
5			Gróðursett	Eitrað yfir SxHG. Bælt frá IB og AÖ	Bælt frá IB og AÖ	Bælt frá IB og AÖ
6	eitrað		Gróðursett			Eitrað yfir SxHG. Bælt frá IB og AÖ
7		TTS	Gróðursett	Eitrað yfir SxHG.	Bælt frá IB og AÖ	Bælt frá IB og AÖ
8	eitrað	TTS	Gróðursett			Eitrað yfir SxHG. Bælt frá IB og AÖ
9		Eggjabakki	Gróðursett			




Sigrún í Saurbæ skoðar ösp sem gróðursett var árið 2009

FRAMKVÆMDIR ÁRSINS

Gróðursett var á 95 skógræktarjörðum á árinu alls 538.851 plöntur. Það er minnkun um rúmlega 85 þúsund plöntur miðað við fyrra ár. Þinglýstum skógræktarsamningum fjölgaði um 5 á árinu þeir eru nú 164 og ná yfir 10.045 hektara. Grisjað var á 7 jörðum, alls 12,6 hektara.

	Skjólbelti	Skógur	Alls
A-Hún	240	41.732	41.972
Eyjafjörður	1.945	73.075	75.020
N-Þing	1.137	74.211	75.348
Skagafjörður	443	120.503	120.946
S-Þing	878	128.400	129.278
V-Hún	1.048	99.721	100.769
Alls	5.691	537.642	543.333



VESTUR – HÚNAVATNSSÝSLA


Skógrækt

Gróðursettar voru tæplega 100 þúsund skógarplöntur, sem er minnkun um rúmlega 7 þúsund plöntur á milli ára. Einn nýr skógræktarsamningur var gerður um 32 hektara lands, og eru nú 15 jarðir með skógræktarsamninga um alls 1.010 hektara lands.

Skjólbelti

Ný skjólbelti voru lögð á einni jörð, bætt var inn í þar sem afföll höfðu orðið í eldri beltum á þremur jörðum.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Ösp	Reynir	Alls
Auðunnarstaðir	3.015	13.802		1.000			17.817
Barð	536	2.000		1.000			3.536
Barkarstaðir	72	1.520	2.016	1.000	3.504	72	8.184
Bessastaðir		3.640					3.640
Dæli		5.025					5.025
Efri og Neðri Foss		6.030	1.032				7.062
Fosshóll		1.680			336		2.016
Grund 2	1.005	7.035		8.120			16.160
Núpsdalstunga	600				408		1.008
Saurar		10.988		4.000			14.988
Skeggjastaðir	469	7.920	456	1.000			9.845
Syðri-Kárastaðir			1.992	1.000	1.536		4.528
Torfastaðir		1.000	3312	1.000	600		5.912
Alls	5.697	60.640	8.808	18.120	6.384	72	99.721



AUSTUR – HÚNAVATNSSÝSLA


Skógrækt

Gróðursettar voru rúmlega 40 þúsund skógarplöntur, sem er svipað magn og á síðasta ári. Tveir nýjir skógræktarsamningar voru gerðir um alls 70 hektara lands. Nú eru 14 með skógræktarsamninga um alls 1.042 hektara lands.

Skjólbelti

Engin ný skjólbelti voru lögð á árinu, en bætt var inn í eldri beltí á einni jörð.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Ösp	Reynir	Alls
Ásar		12.998		2.000			14.998
Bakki	120	200	48	120			488
Dunhóll II	2.000	1.200		2.800			6.000
Hamar		600	1.008	1.000	480		3.088
Hof	160	80	168				408
Litla-Búrfell	1.008	80		1.280	2.424	480	5.272
Saurbær			240	240			480
Stóra-Búrfell	1.000	4.000					5.000
Þingeyrar	469	5.025			504		5.998
Alls	4.757	24.183	1.464	7.440	3.408	480	41.732



SKAGAFJARÐARSÝSLA

Skógrækt


Gróðursettar voru rúmlega 120 þúsund skógarplöntur, sem er minnkun um rúmlega 10 þúsund plöntur á milli ára. Einn nýr skógræktarsamningur var gerður á árinu og samningar stækkaðir á tveimur jörðum, nú eru samningar á 38 jörðum, samtals um 2.410 ha lands

Skjólbelti

Engin ný skjólbelti voru ræktuð í ár.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Ösp	Reynir	Annað	Alls
Ásgarður	536	1.880	600	3.120				6.136
Ásgarður Eystri	469	4.569						5.038
Egg		2.080		1.000				3.080
Flugumýrarhvammur	520	200	756	2.000	168	120	326	4.090
Gautland	480	1.040		280		48		1.848
Geitagerði	504			520		72		1.096
Hringver	2.613	8.120	1.200	9.000	216			21.149
Krithóll 2			336		216	144		696
Kúskerpi			240					240
Kýrholt			1.608					1.608
Lón	608	6.000	696	2.200	504	72		10.080
Melar		80		80				160
Merkigarður	67	1.320		40				1.427
Mælifellsá			2.496		504			3.000
Nautabú			600		744			1.344
Neðri-Ás 1		2.080	504					2.584
Páfastaðir	268	3.240		240				3.748
Ríp 3	1.407	8.991	264					10.662
Silfrastaðir	504	8.080	4.520		816	96		14.016
Stapi	1.509	1.005	600	520	504	192	216	4.546
Stekkjarflatir.	201	3.000	600		288			4.089
Stóru-Reykir	1.520			1.680	504			3.704
Úlfsstaðir		4.000						4.000
Valadalur							1.000	1.000
Viðvík			9.514				1.648	11.162
	11.206	55.685	24.534	20.680	4.464	744	3.190	120.503

Skipting tegunda í skógrækt í Skagafirði



EYJAFJARÐARSÝSLA


Skógrækt

Gróðursettar voru rúmlega 70 þúsund skógarplöntur, sem er minnkun um rúmlega 40 þúsund plöntur á milli ára. Enginn nýr skógræktarsamningur var gerður á árinu, samningar eru nú á 39 jörðum, alls 2.218 hektarar.

Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á 3 jörðum, alls um 2 km. miðað við einfalda röð.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Ösp	Reynir	Annað	Alls
Ásláksstaðir		40	120	120				280
Flaga		1.600						1.600
Gerði		480	540	1.440				2.460
Gröf	67		24		24	24		139
Hesjuvellir			192					192
Hólar Öxnadal	5.000	11.122				120		16.242
Hólsgerði		18.863		520	96	48	25	19.552
Hraukbæjarkot		320						320
Kroppur	1.628	3.520	1.296	840	696			7.980
Leifsstaðir		1.005						1.005
Reykhús 1		2.280	24			48	35	2.387
Rútsstaðir			960	120	1.008			2.088
Samkomugerði 2	200	520		200				920
Skjaldarstaðir		214		2.040				2.254
Stóru-Hámundarstaðir	2.000	3.040	2.016	5.120	192			12.368
Syðra-Laugaland			120		120	24		264
Tungufell	1.024							1.024
Ytri-Vík		2.000						2.000
	9.919	45.004	5.292	10.400	2.136	264	60	73.075




SUÐUR – PINGEYJARSÝSLA

Gróðursettar voru tæplega 130 þúsund skógarplöntur, sem er minnkun um rúmlega 20 þúsund plöntur á milli ára. Enginn nýr skógræktarsamningur var gerður, nú eru samningar á 42 jörðum um alls 2.432 hektara.

Skógrækt

Ný skjólbelti voru ræktuð á tveimur jörðum í ár, alls um 1 km. að lengd.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Alaskaösp	Reynir	Annað	Alls
Ártún		760	2.256					3.016
Draflastaðir		8.000		2.200				10.200
Engidalur	871					144		1.015
Garður II	10.850					216	554	11.620
Hallgilsstaðir		760		760		24		1.544
Hjallaheiði	480	1.200	720		2.304	192		4.896
Hrísgerði	240	1.600	2.144	2.000	1.000	24	40	7.048
Hróarsstaðir	144	4.080				48	248	4.520
Kálfborgará	48	5.080	696					5.824
Knútsstaðir	1.273	13.040	105	3.080				17.498
Litlaströnd	3.149	7.015						10.164
Lundarbrekka 2		4.020						4.020
Narfastaðir	24	12.100	72	4.480		24	65	16.765
Núpar/Kjölur	1.273	3.040	105	3.120				7.538
Tungunes		1.640		1.800				3.440
Víðifell	536	4.040		520				5.096
Víðiholt	24	5.040		3.000	24	48		8.136
Víðivellir		4.060		2.000				6.060
	18.912	75.475	6.098	22.960	3.328	720	907	128.400



NORÐUR – ÞINGEYJARSÝSLA


Skógrækt

Gróðursettar voru rúmlega 75 þúsund skógarplöntur, sem er aukning um rúmlega þrjátíu þúsund plöntur á milli ára. Einn nýr skógræktarsamningur var gerður og eru samningar nú á 16 jörðum, um 931 hektara lands.

Skjólbelti

Skjólbelti voru ræktuð á einni jörð, alls um 1,2 km.

	Birki	Lerki	Greni	Fura	Ösp	Reynir	Annað	Alls
Árdalur		9.380						9.380
Brekka	2.880	7.040	264					10.184
Daðastaðir		80						80
Garður	469	5.065		4.480		24		10.038
Garður 1		19.966						19.966
Gilhagi 2		360	312	320				992
Holt Þistilfirði	335	1.240	504	800		72		2.951
Presthólar		1.273		1.080		24		2.377
Snartarstaðir 2		8.000						8.000
Valþjófsstaðir 1		2.000		3.000				5.000
Ytra-Lón	1.000	2.520		520				4.040
Ærlækur		603		600				1.203
	4.684	57.527	1.080	10.800	0	120	0	74.211



LYKILTÖLUR

	Ýmsar lykiltölur	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	
1	Fjöldi sammingsbundinna skógræktarjarða	152	156	156	156	157	159	164	
2	Flatarmál í hektörum	8.459	8.693	8.693	8.693	9.598	9.823	10045	
3	Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	116	113	111	109	104	93	95	
4	Fjöldi skjólbeltaræktenda	41	49	26	31	6	25	10	
5	Lengd ræktaðra skjólbelta í km.	45	47	21	18,5	1,1	27	4,5	
6	Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.261.211	888.183	686.617	463.676	536.090	624.005	543.405	
7	Grisjaðir hektarar	37,0	17,1	20,2	33	11,6	12,2	12,6	
8	Ársverk	3,32	3,6	2,9	3,9	3,5	3	3	
	Lykiltölur úr ársreikningi	2011		2012		2013		2014	
9	Heildarframlög	87.900.000		86.900.000		86.900.000		88.900.000	
10	Heildargjöld	84.876.831		86.916.257		88.389.428		88.700.818	
11	Laun og launatengd gjöld	27.578.141	32,5%	25.682.713	29,5%	23.638.058	26,7%	24.528.968	27,8%
12	Starfstengdur kostnaður	4.438.655	5,2%	3.651.586	4,2%	4.627.423	5,2%	5.899.280	6,7%
13	Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	1.896.085	2,2%	4.470.726	5,1%	4.362.341	4,9%	5.565.161	6,3%
14	Framlög til skógarbænda	48.632.611	57,3%	50.915.749	58,6%	54.373.984	61,5%	49.855.909	56,4%
15	Annar rekstarkostnaður	1.815.973	2,1%	1.165.452	1,3%	887.237	1,0%	1.408.825	1,6%
16	Eignakaup	513.366	0,6%	1.030.031	1,2%	500.385	0,6%	1.442.675	1,6%
17	Ýmsar sértekjur	213.718		562.657		315.855		1.026.787	
18	Hagnaður/Tap	3.236.887		546.400		-1.173.573		1.225.969	

Skýringar við lykiltölur

- Fjöldi þeirra jarða þar sem þinglýstir skógræktarsamningar eru í gildi við í lok hvers árs
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi þeirra jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Fjöldi þeirra bænda sem leggja út ný skjólbelti ár hvert
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir hektarar
- Ársverk starfsmanna Norðurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarframlög til Norðurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna Norðurlandsskóga
- Skrifstofu og stjórnunark.+funda og ferðakostn.+bifr.k.
- Húsn.kostn.+aðkeypt sérfr.þj.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur
- Afgangur - tap

ÁRSREIKNINGUR 2014

Rekstrarreikningur

	Sundurl.	Reikningur <u>2014</u>	Reikningur <u>2013</u>	Fjárheimildir <u>2014</u>
Tekjur				
Sértekjur.....	2	1.026.787	315.855	0
Markaðar tekjur.....	3	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	3	0	0	0
Tekjur samtals		1.026.787	315.855	0
Gjöld				
101 Norðurlandsskógar.....	4	88.700.818	88.389.428	88.900.000
.....	4	0	0	0
.....	4	0	0	0
.....	4	0	0	0
.....	4	0	0	0
Gjöld samtals		88.700.818	88.389.428	88.900.000
Tekjur umfram gjöld		-87.674.031	-88.073.573	-88.900.000
Framlag úr ríkissjóði		88.900.000	86.900.000	88.900.000
Hagnaður/tap ársins		1.225.969	-1.173.573	0



Efnahagsreikningur

	Sundurl.	Reikningur <u>2014</u>	Reikningur <u>2013</u>
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir.	6	0	0
Langtímakröfur.	7	0	0
Fastafjármunir samtals.		0	0
Veltufjármunir			
Vörubirgðir.	8	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.	5	999.593	1.312.334
Skammtímalán.	7	0	0
Skammtímakröfur aðrar.	8	3.537.486	593.377
Handbært fé.	9	3.071.571	4.652.598
Veltufjármunir samtals.		7.608.650	6.558.309
Eignir samtals.		7.608.650	6.558.309
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
	10		
Staða í ársbyrjun.		6.182.799	7.356.372
Breyting v/lokafjárlaga.		0	0
Hagnaður/tap ársins.		1.225.969	-1.173.573
Höfuðstóll í árslok.		7.408.768	6.182.799
Annað eigið fé			
Bundið eigið fé.		0	0
Framlag til eignamyndunar.		0	0
Annað eigið fé samtals.		0	0
Eigið fé í árslok.		7.408.768	6.182.799
Langtímaskuldir			
	11		
Tekin löng lán.		0	0
Langtímaskuldir samtals.		0	0
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur á bankareikningum.	9	0	0
Skuld við ríkissjóð.	5	0	0
Skammtímalántökur.	11	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.	12	199.882	375.510
Skammtímaskuldir samtals.		199.882	375.510
Skuldir samtals.		199.882	375.510
Skuldir og eigið fé samtals.		7.608.650	6.558.309



Sjóðstreymi

	Sundurl.	Reikningur <u>2014</u>
Hagnaður/tap ársins		1.225.969
Breyting rekstrartekna, eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.		-2.944.109
Breyting skammtímaskulda.		-175.628
Handbært fé frá rekstri		-1.893.768
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.	7	0
Afborganir veittra lána.	7	0
Endurmat veittra lána.	7	0
Breyting á áhættufjármunum.	6	0
Fjárfestingahreyfingar samtals		0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.	5	-88.900.000
Tekjur innheimtar úr ríkissjóði.	5	0
Greitt úr ríkissjóði.	5	89.212.741
Tekin lán.	11	0
Afborganir tekinna lána.	11	0
Endurmat tekinna lána.	11	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals		312.741
Breyting á handbæru fé		-1.581.027
Handbært fé í ársbyrjun		4.652.598
Handbært fé, hreyfingar		-1.581.027
Handbært fé í árslok		3.071.571

0

FUNDARGERÐIR STJÓRNAR NORÐURLANDSSKÓGA 2014

Símafundur

76. fundur í stjórn Norðurlandsskóga, þriðjudaginn 28. janúar, 2014 - Símafundur

Mætt: Jón Gíslason, Anna Ragnarsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Rammasamningur um rannsóknasamstarf

Framkvæmdastjóri kynnti rammamning um rannsóknasamstarf á milli landshlutaverkefna í skógrækt og Rannsóknarstöðvar skógræktar á Mógilsá. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að auknu rannsóknarstarfi í skógrækt. Markmið samstarfsins er að bæta árangur skógræktarstarfs með áherslu á þau svið sem snúa að starfsemi LHV.

Stjórnin fagnar samkomulaginu og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn.

2. Umsögn Norðurlandsskóga um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu.

Framkvæmdastjóra falið að senda umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

77. fundur í stjórn Norðurlandsskóga, miðvikudaginn 16. júlí, 2014.

Mætt: Jón Gíslason, Anna Ragnarsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Staðan og starfið framundan

Framkvæmdastjóri greindi frá verkefnum ársins og verkefnum framundan.

Í vor voru gróðursettar rúmlega 520 þúsund plöntur og gengu framkvæmdir vel, reiknað er með að gróðursetja um 40 þúsund plöntur í haust. Grisjað var á þremur jörðum.

2. Intaka nýrra jarða

Samþykkt að taka inn eftirfarandi jarðir:

- Eyrarland í Eyjafjarðarsveit
- Þórormstunga í Húnavatnshreppi
- Steintún í Skagafirði
- Kambakot í Skagabyggð
- Utanverðunes í Skagafirði
- Enni í Viðvíkursveit, Skagafirði

Ennfremur samþykkir stjórn að verða við umsókn Víðifells í Þingeyjarsveit og Syðra-Hóls í Eyjafjarðarsveit um aðstoð við grisjun eldri skógarreita vegna snjóbrots og snjóflóðs.

3. Önnur mál.

Aðalfundur LSE verður haldinn í Skagafirði í lok ágúst. Stjórn hefur samþykkt að verða við styrkbeiðni félags skógarbænda vegna fundarins að upphæð 150 þúsund.

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

78. fundur í stjórn Norðurlandsskóga, þriðjudaginn 28.okt., 2014.

Mætt: Jón Gíslason, Anna Ragnarsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Staðan og starfið framundan

Framkvæmdastjóri greindi frá verkefnum ársins og verkefnum framundan.

Gróðursettar voru um 30 þúsund plöntur í haust. Unnið var að gæðaúttekt gróðursetninga og allar gróðursetningar ársins skoðaðar með skógarbændum og hlutast til um úrbætur þar sem þess var þörf. Seinni part sumars og í haust hefur verið unnið að mælingum vegna grisjanna. Unnið er að grisjun þessa dagana og þeirri vinnu haldið áfram eins lengi og veður leyfa. Ljóst er að vinna við mælingar vegna grisjanna verður mjög umfangsmikil á næstu árum og nauðsynlegt að bæta við starfsmönnum til að sinna þeim þætti.

2. Fjárhagsáætlun

Drög að fjárhagsáætlun rædd. Framkvæmdastjóra falið að endurnýja plöntukaupasamning við Sólskóga ehf., enda til þess heimild skv. útboði.

3. Intaka nýrra jarða

Samþykkt að taka inn eftirfarandi jarðir:

Þröm í Skagafirði

Stað í Hrutafirði.

Eftirfarandi umsóknum hafnað óbreyttum:

Kárdalstunga í Vatnsdal (uppfyllir ekki skilyrði um samfellda stærð samningssvæðis)

Krossdalur í Kelduhverfi (Svæði sem sótt er leyfisskilyrt)

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

79. fundur í stjórn Norðurlandsskóga, þriðjudaginn 16.des. 2014.

Símafundur: Jón Gíslason, Anna Ragnarsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fjárhagsáætlun

Farið yfir fjárhagsáætlun, áætlunin gerir ráð fyrir rekstarafgangi kr. 165.759

Samþykkt af stjórn

Fleira ekki gert, fundi slitið. Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

